

Menntun: Hef lokið námi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands (2007) og hef starfsréttindi sem félagsráðgjafi. Lauk rannsóknartengdu meistaranámi (MA) í félagsráðgjöf í júní 2014. Hef hlotið staðfestingu Landlæknis um að uppfylla lágmarkskröfur fagaðila og þar með leyfi til að reka eigin félagsráðgjafastofu.

Starfsferill:

Október 2013 – til dagsins í dag

Eigandi og ráðgjafi Hugrekkis – ráðgjafar og fræðslu. Sinni þar bæði ráðgjöf og fræðslu auk þess að vera með ýmis konar námskeið.

September 2013 – maí 2014 Akureyrarbær

Var umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar í Hrísey. Sinnti einnig félagslegri liðveislu á sama tímabili.

Febrúar 2010 – Júní 2012 Hríseyjarskóli

Var deildarstjóri á leikskóladeild Hríseyjarskóla með börn á aldrinum 7 mánaða til 6 ára.

Janúar 2007 – Maí 2009 Stígamót

Vann sem starfskona á Stígamótum, byrjaði fyrst sem nemi á 4. ári í félagsráðgjöf og hóf svo í framhaldinu störf þar 1. maí 2007. Starfið þar fólst að mestu í því að taka viðtöl við þolendur kynferðisbrota og aðstandendur þeirra auk þess sem ég var þar með þrjá sjálfshjálparhópa. Viðtölin og hóparnir fóru fram bæði á Stígamótum auk þess sem ég sá um þjónustu Stígamóta á Austurlandi veturinn 2008. Þá sá ég að stórum hluta um fræðslu um kynferðisofbeldi fyrir hönd Stígamóta árið 2008, bæði fyrir fagaðila, skóla og fleiri hópa. Ég vann ársskýrslu Stígamóta bæði fyrir árið 2007 og 2008. Þá sá ég einnig um leiðbeinendanámskeið, ásamt fleirum, árin 2007 og 2008.

Maí 2006 – September 2006

Vann nýsköpunarsjóðsverkefni undir leiðsögn Drífu Snædal. Rannsókn sem unnin var upp úr gögnum úr Kvennaathvarfinu.

Maí 2005 – Ágúst 2006 Samtök um Kvennaathvarf

Var í sumarvinnu sumarið 2005 sem almenn vaktkona og var síðan á aukavöktum með skóla veturinn 2005-2006. Var á vöktum sumarið 2006. Starfið fólst í því að taka viðtöl við konur sem beittar

hafa verið ofbeldi í parsamböndum og aðstandendur auk þess að sjá um dagleg störf í húsinu og taka við símtölum í neyðarsíma athvarfsins.

September 2001 – Febrúar 2002 Hvaleyrrarskóli í Hafnarfirði

Leiðbeinandi í unglingadeild (7. – 10. bekk) þar sem ég kenndi náttúrufræði. Kláraði ekki veturinn þar sem ég fór í veikindaleyfi.

September 1998 – Maí 1999 Grunnskólinn í Ólafsvík

Leiðbeinandi í unglingadeild (7. – 10. bekk) þar sem ég kenndi ýmis fög, meðal annars dönsku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Auk þess var ég umsjónarkennari í 8. bekk, hafði umsjón með félagslífi nemenda og var með leiklistarnámskeið fyrir nemendur unglingadeildar.

2007 – 2009 Blátt Áfram

Hef farið með Blátt Áfram í Lífsleiknitíma í grunnskólum víða um land og einnig verið með fyrirlestra fyrir fullorðna á vegum samtakanna. Verktakavinna en ekki full vinna.

Önnur tímabil:

Að öðru leyti hef ég unnið við ýmis afgreiðslustörf og þjónustu, bæði í verslunum og veitingahúsum. Einnig vann ég á sambýli fyrir fatlaða árin 1996-1997 og var með liðveislu fyrir einstaklinga með fötlun.

Nefndir og fleira:

Hef setið í stjórn Aflsins – samtaka gegn heimilis- og kynferðisofbeldi frá því í maí 2014.

Er þátttakandi í COST-verkefni á vegum Evrópusambandsins fyrir hönd Íslands. Verkefnið heitir „Femicide across Europe“.

Sat í stjórn Maníu, geðverndarfélagi innan HÍ, á fyrsta starfsári þess og tók þátt í stefnumótunarvinnu HÍ varðandi stuðning við nemendur með geðraskanir.

Ráðstefnur:

Fór á ráðstefnu Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum, sem haldin var á Íslandi, í samvinnu við Barnaverndarstofu í maí 2008.

Fór einnig á evrópska ráðstefnu í Portúgal á vegum ISPCAN í nóvember 2007. ISPCAN eru alþjóðasamtök um forvarnir gegn ofbeldi og vanrækslu á börnum. Tók þátt í undirbúningi á íslensku dagskránni á Kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York árið 2008 og var á þeirri ráðstefnu. Fór á ráðstefnu Nordiske

Kvinner Mot Vold (NKMT) í Færeyjum haustið 2006 og var þar með vinnustofu (“work shop”). Var einnig á ráðstefnu NKMT á Íslandi haustið 2005. NKMT eru norræn samtök sem berjast gegn ofbeldi á konum og börnum. Hef þar að auki mætt á ýmsar innlendar ráðstefnur og málþing er snerta sérstaklega ofbeldi gegn konum og börnum, m.a. ráðstefnu Blátt áfram um kynferðisofbeldi gegn börnum sem haldinn var í HR í maí árið 2008.

Námskeið:

Fór í september 2013 á námskeiðið „Gegn ofbeldi“, sem var samvinnuverkefni Félagsráðgjafafélags Íslands og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. Er námskeið í viðtalstækni og sérstaklega ætlað fagaðilum.

Fór á námskeið hjá Háskólanum á Akureyri vorið 2012; „Ofbeldi, vanræksla og ill meðferð“, sem er 5 daga námskeið á meistarastigi og opið öllum sem það vilja sækja.

Hef farið í gegnum námskeiðið „Verndarar barna“ hjá samtökunum Blátt Áfram.

Fór á námskeið í PMT fyrir foreldra hjá Hafnarfjarðarbæ árið 2003.

Hef lokið ýmsum leiklistarnámskeiðum, meðal annars grunnnámskeiði í leiklist hjá leiklistarskóla Bandalagi íslenskra leikfélaga.

Hef einnig setið ýmis námskeið í tengslum við starf mitt í grunnskólum.